176
10. des.

17. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. desember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

177
10. des.

AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts fyrir árið 1949.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 84/1948 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1949.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum eru undanþegnar skattaukanum.

Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1948.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

178
13. des.

REGLUGERÐ

um kennslu og próf bifreiðastjóra.

I. KAFLI

Um hið almenna bifreiðastjórapróf.

1. gr.

Sérhver sá, sem vill fá ökuskírteini, sem heimilar honum að stýra bifreið, skal senda lögreglustjóra skriflega umsókn um það. Eyðublöð undir umsóknir fást hjá lögreglustjórum.

Með umsókninni skal umsækjandi senda:

a. Fæðingarvottorð.
b. Vottorð tveggja valinkunnra manna um, að hann sé áreiðanlegur og samvizkusamur.
c. Hegningarvottorð.
d. Samþykki lögreglustjóra í heimasveit umsækjanda, ef hann sækir um ökuskírteini utan heimasveitar sinnar.